

hina umbeðnu greinargerð í té fyrir dómi. Af hálfu vitnastefnanda var þess krafizt, að atriðið yrði tekið til úrskurðar. Í þinghaldi þessu var einnig sótt þing af hálfu réttargæzlustefnda.

Telja verður, að ákvæði síðustu málsgreinar 37. gr. laga nr. 46/1954 sé því ekki til fyrirstöðu, að sérhver skattþegn geti fyrir dómi krafið skattanefnd, í þessu tilviki skattstjórnann í Reykjavík, sbr. 24. gr. sömu laga, upplýsinga um það, eftir hverju hafi verið farið við ákvörðun tekna hans og eigna. Vitnastefndi hefur ekki notfært sér heimild 4. tl. 125. gr. laga nr. 85/1936 til þess að upplýsa með vottorði, eftir því sem unnt er, atriði þau, sem hér skipta máli. Þykir því bera að skylda vitnastefnda til að koma fyrir dóm og gefa upplýsingar um það, eftir hverju hafi verið farið við ákvörðun tekna og eigna vitnastefnanda árið 1954.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Vitnastefnda, skattstjóranum í Reykjavík, Halldóri Sigfús-syni, er skylt að koma fyrir dóm og veita upplýsingar um það, eftir hverju hafi verið farið við ákvörðun tekna og eigna vitnastefnanda, Guðlaugs Ásgeirssonar, árið 1954.

Föstudaginn 20. apríl 1956.

Nr. 145/1955. **Jón Erlendsson** (Jón N. Sigurðsson)

gegn

Aron Guðbrandssyni og gagnsök

(sjálfur).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ólafur Jóhannesson prófessor.

Ómerking og heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 14. september 1955 skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. október s. á.

Gagnáfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 25. nóvember 1955 áfrýjað málinu með stefnu s. d.

Héraðsdómari átti að leiðbeina gagnáfrýjanda, sem er ólög-lærður, um kröfugerð, öflun gagna og rökstuðning, eftir því sem þörf var. Síðan átti dómari í dómi að lýsa málsatvikum og málsástæðum, meta þær hverja fyrir sig og rökstyðja niðurstöðu sína. Dómara bar m. a. að taka til meðferðar deilu aðilja um umferð um hlið það, er í málinu greinir, frá því héraðsdómur gekk á bæjarþingi Hafnarfjarðar hinn 24. júní 1950 í máli aðilja.

Þar sem héraðsdómari hefur vanrækt gersamlega að lýsa atvikum málsins um rétt til umferðar um hliðið og rökstyðja dóm sinn um þann rétt og því eigi gætt ákvæða 193. gr. laga nr. 85/1936, verður að ómerkja héraðsdóminn og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðal-áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dóms-álagningar.

Gagnáfrýjandi, Aron Guðbrandsson, greiði aðaláfrýj-anda, Jóni Erlendssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 5. apríl 1955.

Ár 1955, þriðjudaginn 5. apríl, var á bæjarþingi Hafnarfjarðar í réttarsal embættisins af fulltrúa bæjarfógeta, Kristni Ólafssyni, upp kveðinn dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var 16. marz s.l.

Mál þetta var höfðað fyrir aukadómþingi Gullbringu- og Kjós-arsýslu með stefnu, út gefinni 9. júní 1954, af Aron Guðbrandssyni forstjóra, Grenimel 32, Reykjavík, gegn Jóni Erlendssyni, bónda að Mógilsá, Kjalarnesi, og eru dómkröfur stefnandans þessar: að stefnda verði dæmt óheimilt að hafa lykil að læsingu á hliði stefnanda yfir veg hans við þjóðveginn og

að stefndi verði dæmdur til að greiða bætur fyrir miska, óþægindi og tjón, að fjárhæð kr. 25.000.00, með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af báðum kröfum stefnandans og málskostnaðar úr hendi hans.

Sáttaumleitun fyrir sáttanefnd varð árangurslaus.

Mál þetta var með samkomulagi aðilja flutt í bæjarþing Hafnarfjarðar og rekið og dæmt þar.

Málavextir eru þessir:

Með leigusamningi, dags. 19. maí 1940, fékk stefnandi málsþessa, Aron Guðbrandsson, á leigu hjá páverandi bónda að Mógilsá í Kjalarneshreppi blett úr landi jarðarinnar til 50 ára.

Árið eftir hóf hann framkvæmdir á landinu með því fyrst að leggja akveg frá þjóðveginum að hinu leigða landi, og síðan reisti hann þar vandaðan sumarbústað.

Þar sem vegurinn frá sumarbústaðnum kemur á þjóðveginn, setti Aron vandað hlið og læsti með lás, en lét ábúandanum, stefnda í máli þessu, í té lykil að lásnum. Ágreiningur reis milli aðilja máls þessa um heimild stefnandans til þess að læsa umræddu hliði með lás, og gekk dómur um þann ágreining í undirrétti hér 24. júní 1950, þar sem Aron Guðbrandssyni var veitt heimild til að læsa lásnum gegn því, að stefndi, Jón Erlendsson, fengi afhentan til afnota lykil að lás þessum. Máli þessu var síðan vísað til Hæstaréttar og undirréttardómurinn staðfestur þar með dómi Hæstaréttar 29. janúar 1954.

Mikill ágreiningur kom upp milli aðilja máls þessa út af fyrrgreindum vegi heim að sumarbústaðnum, afnotum hans af hálfu stefnda og ýmsum viðskiptum þeirra í því sambandi.

Stefnandinn hóf því mál á hendur eigendum Mógilsár, þar sem hann krafðist, að umræddur vegur væri viðurkenndur einkavegur hans og honum dæmt heimilt að girða veginn af með gaddavír, enda setji hann hlið á girðinguna, þar sem ábúandi Mógilsár hafi sett brýr yfir vegarskurðina.

Dómur í því máli var kveðinn upp í undirrétti þann 28. júlí 1953, en síðan áfrýjað til Hæstaréttar og dæmt þar 10. apríl 1954 með þeirri niðurstöðu, að viðurkennt er, að Aron Guðbrandsson sé einkaeigandi að vegarmannvirki því, sem liggur af þjóðvegi og að leigulandi hans og sumarbústað í landi jarðarinnar Mógilsár, og honum heimilað að afgirða veginn með sléttum vír, enda setji hann fjögur hlið á girðinguna á nánar tilteknum stöðum.

Enda þótt fengist hafi úrlausn á ýmsum deilumálum þeirra stefnda og stefnandans með fyrrgreindum undirréttar- og hæsta-

réttardómum, telur stefnandinn, Aron Guðbrandsson, að hann hafi orðið fyrir ýmsum öðrum búsigjum af hendi stefnda, Jóns Erlendssonar, og hefur því talið sig tilneyddan að höfða mál þetta til þess að ná rétti sínum í viðskiptum þeirra.

Skal nú nánar vikið að þeim kröfum stefnandans og rökstuðningi þeirra.

I.

Eins og þegar er fram tekið, var stefnda með hæstaréttardómi frá 26. janúar 1954 áskilinn réttur til að hafa til afnota lykil að lás, sem framangreindu hliði hafði verið læst með. Nú heldur stefnandinn fram, að stefndi hafi fyrirgert þeim rétti sínum að hafa lykil til afnota að lásnum, því bæði hefði hann tekið lásinn burt og glatað honum svo, en vanrækt að loka hliðinu með þeim afleiðingum, að það brotnaði í tvennt í stormi. Margt fleira hefur stefnandinn tilnefnt í sambandi við afnot stefnda af hliðinu og umgengni um það, sem hann telur hiklaust leiða til þess, að stefndi sé sviptur fyrrgreindum rétti til að hafa lykil að lásnum.

Stefnandinn kannast að vísu við, að flest af því sé eldra en hæstaréttardómurinn frá 26. janúar 1954, en hann hefði ekki gætt þess sem ólöglærður maður að gagnáfrýja umræddum undirréttardómi til að fá þenna rétt niðurfelldan. Síðan hafi reyndar tilkomið ærnar sakir til að svipta stefnda þessum rétti, þar sem hann hafi í öllu haldið eftir sem áður uppteknum hætti í umgengni í sambandi við hliðið og notkun þess.

Dómarinn verður að fallast á, að framkoma stefnda, Jóns Erlendssonar, í sambandi við notkun umrædds hliðs og meðferð hans á lás og lykli sé með þeim hætti, að hann hafi fyrirgert rétti sínum til að hafa lykil að lásnum, enda ekki upplýst um neina breytingu á afstöðu hans í þessu efni, eftir að téður hæstaréttardómur féll í málinu. Ber því að taka þessa kröfu stefnandans til greina.

II.

Stefnandinn sundurliðar bótakröfu sína, eins og hér segir:

1. Stefnandinn telur, að hann hafi vegna ágangs stefnda og fólks hans orðið að minnka notkun sumarhússins og eigna sinna þar um 37,5% á ári s.l. 6 ár, og nemi það kr. 10.162.50 af árlegum tilkostnaði af eignunum eða samtals í sex ár kr. 60.975.00.

2. Árið 1949 hafi stefndi eyðilagt slægju á túnblettinum við sumarhúsið með hrossabeit og skaðað stefnandann með því um kr. 1500.00.

3. Þá sé stefnanda um það að kenna, að grindin í hliðinu brotn-

aði í tvennt, en smíðuð og uppsett myndi hún ekki kosta minna en kr. 500.00.

4. Þá telur stefnandinn, að stefndi ætti að greiða fyrir afnot af einkavegi stefnandans að þjóðveginum ekki minna en helming viðhalds, sem stefnandinn reiknar á kr. 12.000.00 í 6 ár.

5. Enn fremur hafi stefndi týnt lás og lykli að hliðinu, en lásinn hafi kostað kr. 24.00.

6. Þá reiknar stefnandinn, að stefnda beri að greiða honum fyrir að opna hlið, sem verið hafi á ólöglegri girðingu yfir veginn að sumarhúsinu, og metur það kr. 3780.00.

Samtals nema þessar kröfur stefnandans á hendur stefnda samkvæmt framanrituðu kr. 78.779.00, en stefnandinn hefur lækkað bótakröfur þessar í kr. 25.000.00, sem er sú fjárhæð, sem gerð er krafa um í síðari lið stefnunnar.

Af hálfu stefnda hefur þessum sundurliðuðu kröfum stefnandans, 1—6, öllum verið mótmælt sérstaklega sem órökstuddum og tilefnislausum.

Dómarinn verður að fallast á, að stefnandinn hafi ekki fært fram fullnægjandi rökstuðning og gögn fyrir kröfum sínum, og auk þess verður að telja, að enginn grundvöllur sé fyrir kröfunum undir lið 1 og 6. Kröfurnar undir liðunum nr. 2, 3, 4 og 5 eru ekki studdar nægum sönnunargögnum gegn mótmælum stefnda, að því viðbættu, að eigi verður séð, að stefnandinn hafi haft þær kröfur uppi við stefnda fyrr en seint í þessum málaferlum, að gerð er grein fyrir þeim í dómskj. 32, sem lagt var fram 16. marz s.l., og eru þá kröfur þessar gamlar, sumpart raktar til ársins 1949, og verður því að telja þær of seint fram komnar og niður fallnar.

Með vísun til þess, sem hér er fram tekið, ber því að sýkna stefnda af bótakröfum stefnandans í máli þessu.

Þar sem kröfur stefnandans hafa að nokkru leyti verið teknar til greina, þykir rétt, að stefndi greiði málskostnað, er þykir hæfilega metinn kr. 500.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Jón Erlendsson, skal sviptur rétti til að hafa lykil að læsingu á umræddu hliði stefnandans, Arons Guðbrands-sonar, yfir veg hans við þjóðveginn.

Að öðru leyti skal stefndi vera sýkn af kröfum stefnandans í máli þessu.

Þá greiði stefndi, Jón Erlendsson, stefnandanum, Aron

Guðbrandssyni, málskostnað með 500 krónum innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 24. apríl 1956.

Nr. 68/1955. Sameinaðir verktakar

(Geir Hallgrímsson hdl.)

gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Kjartan Ragnars hdl.)

og

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Kjartan Ragnars hdl.)

gegn

**Sameinuðum verktökum og Árna Snævarr,
Einari Gíslasyni, Guðmundi Halldórssyni,
Halldóri H. Jónssyni og Tómasi Vigfússyni**
(Geir Hallgrímsson hdl.).

Dómendur:

hæstaréttardómarnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason og Þórður Eyjólfsson, Kristján Kristjánsson borgaríógeti og Valdimar Stefánsson sakadómari.

Skattamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. maí 1955. Hann krefst sýknu eða til vara sýknu að svo stöddu og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu gagnáfrýjunarleyfi 4. janúar 1956, áfrýjað málinu með stefnu 6. s. m. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda, Sameinuðum verktökum, verði dæmt að greiða honum kr. 99.915.00 með 6% ársvöxtum frá 1. september 1952 til 31. desember s. á. og 12% ársvöxtum frá